

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Þekkingarsetur Suðurnesja ses um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Þekkingarsetur Suðurnesja ses, kt. 460712-0920, í samningi þessum nefnt Þekkingarsetur, gera með sér svofelldan samning um starfsemi og þjónustu Þekkingarseturs Suðurnesja.

### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru:

- að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsækenda í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum.
- að hafa frumkvæði að rannsóknaverkefnum og rannsóknastarfi á Suðurnesjum.
- að vinna með vísinda- og fræðimönnum, einstaklingum, rannsóknanemum í framhaldsnámi, stofnunum, fyrirtækjum og samtökum á Suðurnesjum.
- að vera leiðandi afl í að byggja upp samstarf þeirra aðila er stunda rannsóknir á Suðurnesjum og stuðla að aukinni starfsemi rannsóknaraðila á svæðinu.
- að taka virkan þátt í að móta öflugt nýsköpunarumhverfi og stuðla að fjölbreytni atvinnulífs og ferðaþjónustu á Suðurnesjum í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu.
- að byggja upp samstarf og tengsl hagsmunaaðila innan íslensks rannsókn- og nýsköpunarumhverfis á landsbyggðinni.
- að viðhalda og efla tengsl við erlenda vísindamenn og nema.

### 1.2. Starfsemi

#### *Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs*

- að þróa námsleiðir og/eða námskeið sem byggja á sérstöðu í náttúrufræði, menningu og atvinnulífi á Suðurnesjum í samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir.
- að efla þjónustu á sviði háskólanáms og rannsóknastarfs.
- að samþætta rannsóknir, fræðastarf, menntun og þróunarstarf og hagsmuni þeirra aðila sem koma að þessum málaflokkum.
- að efla enn frekar tengsl við erlenda vísindamenn og nema með samstarfsverkefnum og/eða með að bjóða upp á aðstöðu.

#### *Símenntun og samstarf við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum*

- að auka menntunarmöguleika á svæðinu í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.
- að bjóða upp á námskeið og/eða aðstöðu fyrir nám með áherslu á sjávarlíffræði og fuglafræði.
- að veita stuðning við nema og fólk sem hyggur á háskólanám.
- að vinna með fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum við mótun símenntunarstefnu þeirra og sérsniðinna námsleiða á sviði sjávarlíffræði og fuglafræði.

## 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs (fjárlagaliður 02-299-1.36) og er það 16,5 m.kr. árið 2015.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Það mun beita sér fyrir því að árlegt framlag til samningsins verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Þekkingarsetrið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Þekkingarsetrið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5. Þekkingarsetrið starfar samkvæmt samþykktum sem samþykktar voru á stofnfundi þann 2. júlí 2012.
- 2.6. Þekkingarsetrið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á: eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.7. Til þess að ná markmiðum sbr. 1. gr. hefur Þekkingarsetur Suðurnesja ses efnt til samstarfs við Fisktækniskóla Íslands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Keili, Codland, Reykjanes jarðvang, Sjávarklasann á Suðurnesjum ásamt því að vera aðili að samtökunum INTERACT.

## 3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1. Þekkingarsetrið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Þekkingarsetrið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Þekkingarsetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Þekkingarsetrinu er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:
  - 4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og er miðað við að greiða fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Þekkingarsetursins í Landsbankanum nr. 142-26-920
- 4.2. Þekkingarsetrið skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok janúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.
- 4.3. Eigi Þekkingarsetrið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.



2

## 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Þekkingarsetursins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Þekkingarsetrið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Þekkingarsetrið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Þekkingarsetrið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálfst eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Þekkingarsetursins, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Þekkingarsetursins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Þekkingarsetrið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Þekkingarsetrið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Þekkingarsetrið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness, Hafnarfirði.


## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2017.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 18. desember 2014



Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Hellen Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri



Þekkingarsetur Suðurnesja  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður